

Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 3. september 2019 á Njarðarbraut 11a kl. 19

Mættir Ísak Guðjónsson, Þórður Ingvason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson

Keppnishald 2019:

Farið yfir það helsta sem menn hafa séð, upplifað og heyrt það sem af er.

Almennt virðist keppnishald hafa gengið vel en þó er talsverður misbrestur á að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi skýrt fyrir frá keppnishaldara. M.a. birtast ekki endilega upplýsingar inná AKÍS síðunni um hver sé keppnisstjóri, upplýsingatöflur keppna ekki skilgreindar eða á aðgengilegum stöðum. Eins eru dæmi um að farið sé frjálsglega með reglur og jafnvel veittar undanþágur frá þeim án aðkomu dómnefnda.

Brýna þarf fyrir keppnishöldurum að virða leikreglurnar, ekki síður en keppendur.

Uppgjör á tímabilinu:

Ákveðið að halda fund, svipað og gert var í fyrra, þar sem keppendur og keppnishaldarar koma saman og gera upp tímabilið. Stefnt á 23. sept. í Keflavík, Garðar kannar með heppilegt húsnæði og ræðir við Guðberg Reynis um að taka að sér fundarstjórn.

Tímanlega þarf að auglýsa fundinn og kalla e.t.v. eftir hugmyndum að reglubreytingum o.þ.h.

Ýmislegt annað bar á góma, s.s;

- Fast viðmið um vægi keppna – leggjum fyrir fund haustsins.
- Akstursíþróttamaður / -kona ársins
- Fjöldi keppna næsta ár; kemur Krókurinn inn (þi talar við BH), heldur AIFS tvær keppnir, hvað verður um RR ? – ræðum á fundinum í haust.
- Stofna nýjan „Yaris“ flokk, byggja á rallýkrossflokknum, e.t.v. lægri keppnisgjöld, færri sérleiðir, koma á dílum fyrir veltibúr, búa til einhvern pakka.
- Lokaúrslit innihaldi alltaf alla tíma og alla keppendur, líka þá sem detta út.
- Þarf að koma í reglur að allir bílar komi í Park ferme yfir nótt, mæti ekki endursmíðaðir að morgni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21.10

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson